

Stjórnarfundur Leiknar - fundargerð

Dagsetning: 31.03.2016, kl. 13-15.

Staður: Skipholt 50b hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt.

Mætt: Hulda Anna Arnljótsdóttir, Guðrún Lárusdóttir, Sólveig Hildur Björnsdóttir, Ólafur Ástgeirsson, Þuríður Sigurðardóttir ætlaði að vera á skype en vegna tæknilegra erfiðleika tókst það ekki, Guðrún Vala Elísdóttir ritaði fundargerð. Helga Gísladóttir boðaði forföll.

Fundargerð er rituð í samræmi við boðaða dagskrá.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og komin á netið.

1. **Rætt um fundargerðir** frá febrúar og netfund í janúar. Ákveðið að HAA klári fundargerð frá janúar og Guðrún Vala sendi fundargerð frá febrúar á stjórn til samþykktar.
2. **Drög að árskýrslu.** Hulda tekur saman og sendir á stjórn, en aðalfundur verður 19. apríl. Í árskýrslu verður sagt frá aðalfundi Leiknar sem haldinn var í húsnæði MSS 2015, hvað var gert, formannaskipti, hvernig stjórn Leiknar er skipuð, um fundargerðir á neti, vetrarstarf, helstu verkefni stjórnar, 7 fjarfræðsluerindi og framtíðarverkefni. Auk þess um alþjóðlegt samstarf þ.e. Nordic Baltic, Epale og EEEA, um samstarfs- og þróunarverkefni GOAL. Rætt um kynningarstarf og bent á að Leikn gæti kynnt starfsemina fyrir Menntamálastofnun. Einnig að fá netföng stjórna símenntunarmiðstöðva til að ná til fleiri og kynna starfsemina. GL gengur frá ársreikningi og hefur samband við félagslega skoðunarmenn.
3. **Framvæmd ársfundar** í samstarfi við Kvasi, 19. apríl og líklega í húsnæði Iðunnar. Ólafur beðinn að vera fundarstjóri. Fundarritari verður skipaður á fundinum en gott að hafa einhvern í huga. Vantar klukkutíma erindi sem þarf að athuga með. Ólafur ætlar að athuga með það. HAA sendir út fundarboð og fundargögn innan tilskilins tíma sbr. samþykktir félagsins.
4. **Síðasta fjarfræðsluerindið** verður 12. apríl– Ólafur Ástgeirsson flytur erindi um áætlanagerð í verkefnum.
5. **Síðasta veffréttabréfið** – kemur 5. apríl n.k. og í því fundarboð fyrir aðalfund.
6. **Rætt um endurskoðun á lögum** sbr. vangaveltur um að miða starfsárið við bókhaldsárið og fleira? Eftir umræður ákvað stjórn að ekki væri áhugi innan þessara stjórnar að fylgja þessum lagabreytingum eftir þar sem þær væru þrengri en núverandi samþykktir.
7. **Fundur í Helsinki** 30. -31. maí - bíða með að kaupa miða þar til eftir aðalfund.
8. **Hugmynd að ráðstefnu á Akureyri** í haust í samstarfi við Kvasir. Stjórn ræddi tillögu Smára frá Kvasi um málþing um hlutverk framhaldsfræðslu á Akureyri. Ákveðið að ræða það undir liðnum Önnur mál á aðalfundi.
9. **Önnur mál** engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð ritaði: Guðrún Vala Elísdóttir